

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

*Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugar-
daginn 10. júní 1944, undirskrifað af ríkisstjóra 26. maí 1944, nr. 28.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir þjóðhátiðarnefnd lýðveldisstofnunar á Ís-
landi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944, undir-
skrifuð af ríkisstjóra 31. maí 1944, nr. 29.*

*Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum, undirskrifað
af ríkisstjóra 14. júní 1944, nr. 30.*

*Lög um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagn-
aðar á lýðveldishátiðinni, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 31.*

67 **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 34. tbl. Lögbirtingablaðsins**
17. maí **1944, um endurnýjun ferðaskírteina skipa að boði brezku flotastjórn-
arinnar.**

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. júní 1944, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

68 **REGLUGERÐ**
11. maí **um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.**

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-
stofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefur verið um, á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins, og til reiðveggar Reykvíkinga. Tillagið til reiðveggarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinn-
ingar borgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.